

Re: 2601066 - Öryggi varaafis og fjarskipta í Arnarfirði

Til : Lilja Magnúsdóttir <liljam@vesturbyggd.is>
Frá : Ólafur Magnússon <olafurm@nova.is>
CC : Njörður Tómasson <njordur@fjarskiptastofa.is>; Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>; Sigurður Ingi Hauksson <sih@112.is>
Heiti : Re: 2601066 - Öryggi varaafis og fjarskipta í Arnarfirði
Málsnúmer : 2601066
Málsaðili : Vesturbyggð
Skráð dags : 19.01.2026 20:47:39
Höfundur : Ólafur Magnússon <olafurm@nova.is>
Viðhengi : [image001.png](#)

Sæl Lilja

Þakka þér fyrir erindið. Þetta er móttakið af hálfu Nova.

Nova hefur þegar svarað fyrirspurn Fjarskiptastofu vegna rafmagnsleysisins í Tálknafirði þessa umræddu daga. Þar kom meðal annars fram að varaafli farsímasenda hélt uppi fjarskiptasambandi í um það bil þrjár klukkustundir eftir að rafmagn fór af bænum.

Atburðir sem þessir undirstrika mikilvægi þess að tryggja heildstæða nálgun á varaafli og fjarskipti. Skilvirk viðbrögð við rafmagnsleysi ráðast ekki af einum aðila heldur af góðu samstarfi orkufyrirtækja, fjarskiptafyrirtækja, sveitarfélaga og viðbragðsaðila, þvert á starfssvið og ábyrgð.

Við slíkar aðstæður er jafnframt ljóst að aðgengi að rafstöðvum getur verið takmarkað og því nauðsynlegt að sameiginleg forgangsroðun liggi fyrir, með áherslu á öryggi íbúa og mikilvæga innviði.

Nova er reiðubúin til áframhaldandi samtals og samstarfs við aðra aðila um að styrkja viðbúnað og samhæfingu í þessum málum.

kv.
Ólafur Magnússon
Nova hf.

From: Lilja Magnúsdóttir

Sent: Monday, January 19, 2026 10:07

To: Daði Sigurðarson ; Halldór Jónas Ágústsson ; Sigurbjörn Eiríksson ; Ólafur Magnússon ; Sigurbjörn Óskar Guðmundsson ; [siminn@siminn.is](#) ; Elías Jónatansson ; Halldór Magnússon

Cc: Njörður Tómasson ; Bæjarstjóri Vesturbyggð ; Sigurður Ingi Hauksson

Subject: 2601066 - Öryggi varaafis og fjarskipta í Arnarfirði

Góðan dag

Eftirfarandi bókun var samþykkt á 16. fundi heimastjórnar Arnarfjarðar þann 14.01.2026.

Bókunin er send til Orkubús Vestfjarða, Mílu hf, Rúv ohf, Sýn hf, Nova hf, Símans hf og afrit til Fjarskiptastofu, Neyðarlínu og bæjarstjóra Vesturbyggðar.

Öryggi varaafis og fjarskipta í Arnafirði í kjölfar þeirra atburða sem urðu í Tálknafirði vegna rafmagnsleysis í desember.

Dagana 11.desember og 31.desember varð rafmagnslaust í Tálknafirði vegna bilunar í spennni á Keldeyri í Tálknafirði. Í kjölfar rafmagnsleysisins í Tálknafirði urðu miklar truflanir á fjarskiptum og varð algjört rof á sambandi um tíma. Einnig varð rafmagnslaust á Bíldudal þann 11.desember og gekk illa að koma varaafli í gang fyrir allt þorpið.

Heimastjórn Arnarfjarðar lýsir áhyggjum sínum af hinum viðamiklu truflunum sem urðu á varaafli og á fjarskiptum í þessu rafmagnsleysi og beinir þeim tilmælum til orkufyrirtækja og allra fjarskiptafyrirtækja að farið verði vandlega yfir allt varaafli sem á að taka við þegar rafmagnslaust verður á Bíldudal til að minnka líkur á að ástand líkt og það sem varð í Tálknafirði geti komið upp á Bíldudal. Nauðsynlegt er að fjarskipti séu örugg í slíku ástandi til að tryggja öryggi íbúa og takmarka tjón fyrirtækja.

Heimastjórn Arnarfjarðar bendir sérstaklega á nauðsyn þess að tryggja öryggi á Bíldudalsflugvelli í svona ástandi, bæði hvað varðar fjarskipti og raforku þar sem Bíldudalsflugvöllur gegnir lykilhlutverki í samgöngum til og frá svæðinu, sérstaklega hvað varðar sjúkraflug.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Kveðja

	Lilja Magnúsdóttir Ritari heimastjórna Vesturbyggð 450 2310/895-2947 Fyrirvari um tölvupóstinn
---	--

S+yn

Kær kveðja / Best regards

Ólafur Magnússon

Framkvæmdastjóri Tækni / CTO

olafurm@nova.is

+3547701075

www.nova.is

Meðferð tölvupósts / Disclaimer